



Kubbaleikurinn – Stack up!

Aldur: 3 – 5

Fjöldi leikmanna: 2 – 6

Leiktími: 15 mín

Innihald: 1x leikborð, 1x lukkuhjól, 1x Rústari á fæti, 12x trékubbar, 2x kubbaprik og 12x þrautaspjöld.

Kubbaleikurinn gefur börnum tækifæri til að gera tvo uppáhalds hlutina sína; kubba turn og hrinda honum svo um koll! Spilið æfir litaskilning, samhæfingu, að skiptast á, vinna saman, telja og grunnatriði borðspila.

Kubbaleikinn má spila í þremur erfiðleikastigum sem öll eru hönnuð með mismunandi þroska í huga. Einnig má láta börn á mismunandi þroskastigi spila *saman samtímis*. Þar sem markmiðið er það sama á öllum stigum, má setja leikinn upp þannig að hvert barn spili í takt við sinn þroska.

Kubbaleikurinn er samvinnuspil. Það þýðir að allir leikmenn vinna saman gegn einni hindrun, ekki gegn hvoru öðru. Leikmenn hjálpast að, enginn er skilinn út undan og allir sigra eða tapa saman. Samvinnuspil vekja öryggstilfinningu hjá börnum sem eru að læra að spila. Hjá þeim eldri og reyndari byggja þau upp sjálfstraust og samvinnuhæfni.

Hugmynd og markmið:

Að ná að byggja turn úr öllum 12 kubbunum áður en Rústarinn kemst á síðasta reitinn og hrindir turninum um koll.

Undirbúningur:

Leggið leikborðið á slétt undirlag. Setjið Rústarann á byrjunarreitinn. Látið kubbana, lukkuhjólið, kubbaprikin og þrautaspjöldin til hliðar þar sem allir geta nálgast þau.

Gangur spilsins:

1. stig – 3 ára: Notið hendurnar!

Á þessu stigi er allt nema kubbaprikin og þrautaspjöldin notað. Snúið lukkuhjólinu. Ef örin staðnæmist á:

- **Lit:** Notaðu hendurnar til að færa einn kubb í réttum lit ofan á turninn á miðju leikborðinu.
- **Rústaranum:** Færðu Rústarann einn reit áfram.
- **Þraut:** Búðu fyrst til turn með tveimur kubbum og færðu hann svo í heilu lagi ofan á aðalturninn á miðju leikborðinu.

2. stig – 4 ára: Notið litlu endana!

Snúið lukkuhjólinu. Ef örin staðnæmist á:

- **Lit:** Stingdu litlu endunum á kubbaprikunum í holurnar á kubb í réttum lit og færðu hann ofan á turninn í miðjunni.
- **Rústaranum:** Færðu Rústarann einn reit áfram.
- **Þraut:** Tveggja manna áskorun! Dragðu þrautaspjald. Þú og leikmaðurinn á vinstri hönd fáíð sitthvort kubbaprikið. Svo hjálpist þið að við að færa einn kubb um leið og þið framkvæmið þrautina á spjaldinu.

3. stig – 5 ára: Notið svampendana!

- **Lit:** Notaðu svampendana á kubbaprikunum til að færa einn kubb í réttum lit ofan á turninn á miðju leikborðinu.
- **Rústaranum:** Færðu Rústarann einn reit áfram.
- **Þraut:** Tveggja manna áskorun! Dragðu þrautaspjald. Þú og leikmaðurinn á vinstri hönd fáíð sitt hvort kubbaprikið. Svo hjálpist þið að við að færa einn kubb með svamphlutanum um leið og þið framkvæmið þrautina á spjaldinu. Fyrir frekari áskorun mega leikmenn einnig reyna það sama með tvo kubba í einu.

Reglur og leikslok (öll þroskastig):

- Ef allur kubbaturninn eða hluti hans hrynur á meðan leik stendur, tapa allir.
- Ef þið missið kubb á leiðinni að turninum, færist Rústarinn einn reit áfram og kubbnum er skilað aftur til hliðar.
- Ef lukkuhjólið staðnæmist á lit af kubbum sem allir eru komnir í turninn, færist Rústarinn einn reit áfram.

Um þrautaspjöldin:

Þrautaspjöldin auka áskorunina við að koma kubbunum á turninn. Ekki hafa áhyggjur þó að þrautirnar séu of erfiðar fyrst um sinn. Þær eiga að vera skemmtilegar og börnin munu æfa sig og bæta færni sína með tímanum. *Munið að leikmenn framkvæma alltaf þrautirnar með liðsfélaga.*

Aukaspil!

Hinum megin á leikborðinu er spil fyrir tveggja ára.

Snúið lukkuhjólinu og byggið litla kubbturna á reitunum í sama **lit**. Þegar örin lendir á **þrautinni**, leyfið öllum leikmönnum að setja kubb að eigin vali á leikborðið. Þegar örin lendir á **Rústaranum** gera allir fyndið Rústarahljóð.

Flest tveggja ára börn standa sig best ef þau spila ein. Sum börn á þessum aldri geta snúið lukkuhjólinu, önnur ekki. Prófaðu þig áfram með barninu þínu til að sjá hvað hentar því best. Það mikilvægasta er að hafa gaman!

Þýðing: Bryndís Ósk Þ. Ingvarsdóttir